

Priðjudaginn 7. nóvember 1944.

Nr. 11/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar** (Eggert Claessen hrl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80/1938 Kristján Kristjánsson borgarfégeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

Mál út af kæru um ólögmeitt samúðarverkfall.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar útgerðarmanns í Gerðum gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Tildrög þessa máls eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar og vinnuveitenda suður þar hins vegar. Hóf nefnt félag verkfall þar syðra 27. janúar 1943 hjá ýmsum atvinnurekendum, þar á meðal hjá Útvegsbændafélagi Gerðahrepps, en stefnandi, Finnbogi Guðmundsson, er félagsmaður í því. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til almennrar verkamannavinnu í landi. Jafnframt tóku þátt í því hlutarmenn. ráðnir til vélbáta, er út voru gerðir af hlutafélögum þar syðra og félagsmönnum útvegsbændafélagsins, þó engin deila væri um kaup og kjör þeirra. Með dómum þessa réttar í málunum nr. 5—7/1943, uppkveðnum 10. júlí og 19. sept. þ. á., var talið, að óheimilt hefði verið, eins og á stóð, að láta verkfallið ná til hlutarmanna og var það dæmt ólögmeitt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd framannefnds verklyðsfélags í deilu þessari. Þann 23. jan. 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar það verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að skip, bátar eða bilar nafngreindra atvinnurekenda í Gerða og Miðneshreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Dagsbrúnar, ef til verkfalls komi. Síðan eru taldir upp ýmsir

bátar og bílar, þar á meðal vélbátarnir Árne Árnason, Trausti og Ægir, sem út voru gerðir á vegum stefnanda. Þann 27. og 28. janúar s. á. tilkynnir svo stjórn Dagsbrúnar ýmsum atvinnurekendum í Reykjavík, þar á meðal Skipaútgerð ríkisins, að Dagsbrún hafi ákveðið að verða við þessari beiðni, meðan umrætt verkfall standi, og telur upp í tilkynningunni þá báta og bíla, er um sé að ræða, þar á meðal nefnda báta Finnboga.

Um þessar mundir átti stefnandi, Finnbogi Guðmundsson, 600 kg af korki á afgreiðslu Skipaútgerðar ríkisins. Þann 29. janúar f. á. tilkynna forráðamenn Dagsbrúnar skipaútgerðinni munnlega og áréttu skriflega sama dag „að öll afgreiðsla á vörum til Finnboga Guðmundssonar í Gerðum frá afgreiðslu yðar er óheimil vegna vinnustöðvunar þeirrar, er um getur í bréfi til yðar, dags. í gær“. Sama dag tilkynnir skipaútgerðin Finnboga, að hún telji sig ekki hafa neina ástæðu til að hindra, að hann fái korkið afhent, þar sem hann hafi greitt öll áhvilandi gjöld til hennar, en tjáir honum hins vegar, að verkamannafélagið Dagsbrún hafi tilkynnt, „að það hafi bannað félögum sínum, starfandi hjá skipaútgerðinni, að láta afgreiða korkið til yðar, eða vísa yður á það, þannig að þér getið látið yðar eigin menn taka það“. Er það viðurkennt í málinu af stefnanda, að hér sé rétt hermt hjá skipaútgerðinni.

Stefnandi telur, að nefnd bönn Dagsbrúnar hafi komið í veg fyrir, að honum væri afhent framangreint kork, og enn fremur hindrað, að hann fengi olíu hjá H/f Shell á Íslandi í Reykjavík á bát sinn Ægir. Sé þetta samúðarverkfall af hálfu þess félags til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann samúðarverkfall þetta ólöglegt, þar sem ekki hafi af hálfu Dagsbrúnar við ákvörðun þess verið fylgt fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla samkvæmt 15. gr. þeirra laga, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. sömu laga. Hér hafi líka verið að ræða um verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti, og því óheimilt samkvæmt 17. gr. téðra laga. Vegna frammannefndra aðgerða stefnda segist stefnandi hafa orðið fyrir tjóni og vill koma fram refsí- og bótaábyrgð á hendur honum. Eru dómkröfur hans í málinu þær:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfall verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi verið ólöglegt,

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt vegna hins ólöglega verkfalls, og
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur eftir mati dómsins.

Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, eftir mati dómsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að ákvörðun Dagsbrúnar um framannefnt afgreiðslubann sé að öllu leyti lögleg. Bann það, sem hér var um að ræða, lúti ekki ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því það sé annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum. Hafi því hvorki þurft að taka ákvörðun um það samkvæmt 15. gr. né tilkynna það samkvæmt 16. gr. laganna. Og hvað sérstaklega snerti Finnþoga Guðmundsson, þá hafi honum hvorki verið neitað um afgreiðslu á olíu, né heldur hafi verkamenn skipaútgerðarinnar lagt niður vinnu og þannig beitt verkfalli gegn honum, því þeir hafi aldrei verið beðnir um að afgreiða korkið til hans. Þá hefur hann mótmælt því, að stefnandi hafi beðið nokkuð tjón vegna afgreiðslubannsins.

Ekki verður talið, að hin almenna tilkynning verkamannafélagsins Dagsbrúnar til vinnuveitenda í Reykjavík geti út af fyrir sig leitt til refsingar og skaðabótaábyrgðar fyrir félagið gagnvart stefnanda, enda þótt bátar hans væru meðal farartækja þeirra, sem talin voru í tilkynningunni. Ekki er heldur sannað gegn mótmælum stefnda, að synjað hafi verið um afgreiðslu á olíu til vélbáts stefnanda, Ægis, hjá H/f Shell á Íslandi hér í bæ. Hins vegar liggur það fyrir, að stefndi hefur, auk hins almenna banns, sérstaklega lagt bann við því, að tiltekin vara (korkið) yrði afhent stefnanda frá Skipaútgerð ríkisins og lýst því, að félagsmönnum í Dagsbrún hefði verið bannað að láta afgreiða hana til stefnanda, eða vísa á hana, ef stefnandi vildi láta sína eigin menn sækja hana. Það er enn fremur upp komið í málinu, að það sé venjulegt verk starfsmanna í afgreiðsluhúsi skipaútgerðarinnar, að láta vörur þær, sem þaðan eru afhentar, á flutningatæki þau, sem þær eru fluttar burt á.

Telja verður, að næg rök hafi að því leidd verið, að ákvörðun forráðamanna Dagsbrúnar um afgreiðslubann á hendur stefnanda, tilkynning þeirra til skipaútgerðarinnar og bann Dags-

brúnar til félagsmanna sinna að afgreiða ekki á neinn hátt Finnþoga Guðmundsson eða menn hans, hafi orðið þess valdandi, að hann ekki fékk afhent oftnefnt kork frá afgreiðslu skipaútgerðarinnar. Hér var því í raun og veru um vinnustöðvun af hálfu Dagsbrúnar að ræða gegn stefnanda.

Kemur þá til athugunar, hvort hún falli undir ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938. Í þeim lögum er ekki skilgreint, hvað felist í hugtökunum verkfall og vinnustöðvun. En samkvæmt almennri málvenju og venjulegum skilningi verður að gera ráð fyrir, að undir verkfall, sem eftir lögunum er ekki eins víðtækt og vinnustöðvun, heyrir það, er verklýðsfélag ákveður og veldur því, að félagsmenn þess framkvæmi ekki venjuleg störf sín, í þeim tilgangi að knýja fram lausn í kaupdeilu milli verkamanna og vinnuveitenda. Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið um málavöxtu, verður að telja, að hér hafi verið um þess konar vinnustöðvun að ræða, er falli undir nefnda skilgreiningu og bar þá að taka ákvörðun um hana og tilkynna hana samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938, þar sem þess háttar vinnustöðvanir og hér er um að ræða eru ekki í lögunum sérstaklega undanskildar ákvæðum nefndra lagagreina, og ekki verður talið, að hér sé um tilvik að ræða, er falli undir ákvæði 18. gr. sömu laga. Viðurkennt er af stefnda, að þetta hafi ekki verið gert, og hefur hann því gerzt brotlegur við nefndar greinar. Fyrir þetta þykir verða að dæma stefnda til að greiða sekt í ríkissjóð, sem eftir atvikum þykir rétt að sé lágmarkssekt samkvæmt 70. gr. oftnefndra laga, kr. 50.00.

Ekki verður talið upplýst, að bann stefnda gegn afhendingu umrædds korks hafi sérstaklega verið ætlað til stuðnings hinu ólöglega verkfalli hlutarmanna og verður stefndur því ekki dæmdur fyrir brot á 3. lið 17. gr. framangreindra laga.

Stefnandi hefur ekki fært fram nein gild rök fyrir skaðabótakröfu sinni og verður hún því ekki gegn andmælum stefnda tekin til greina.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 250 krónur í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að munnlegur flutningur máls þessa færi fram og dómur uppkveðinn stafar af því, að rétt þótti að biða eftir dómsúrslitum í málunum nr. 5—7/1943, en með þeim var skorið úr um lögmæti verkfalls þess, sem afhafnir þær, er um ræðir í þessu máli, voru stuðningur við.

Þvi dæmist rétt vera:

1. Stefnandi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, skal vera sýkn af skaðabótakröfu stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar, í máli þessu.
2. Stefnandi, verkamannafélagið Dagsbrún, greiði 50 króna sekt í ríkissjóð.
3. Stefnandi greiði stefnanda kr. 250.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég tel, að hér hafi ekki verið um verkfall að ræða heldur afgreiðslubann (boycott), og með því að lög nr. 80/1938 fjalla um verkföll en ekki boycott, þá heyrir mál þetta ekki undir félagsdóm og ber því að vísa því frá dómi.

Þriðjudaginn 7. nóvember 1944.

Nr. 12/1943. Þórður Guðmundsson (Eggert Claessen hrl.)  
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80 1938 Kristján Kristjánsson borgarfégeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Þórði Guðmundssyni gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðnes-hrepps annars vegar og atvinnurekenda suður þar hins vegar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. janúar 1943 hjá ýmsum atvinnurekendum, þar á meðal Útvegshændafélagi Gerðahrepps, en stefnandi er félagsmaður í því. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt tóku þátt í því hlutarmenn ráðnir til vélbáta, er gerðir voru út af